Fréttabréf
Skeiða- & Gnúpverjahrepps
1. tbl - 17. árg - Febrúar 2020

Hálendisböðin í Þjórsárdal

Um síðustu áramót urðu mikil tímamót í verkefninu í Reykholti þegar forsætisráðuneytið og Skeiða- og Gnúpverjahreppur gengu frá samningi við Rauðukamba ehf. um uppbygginguna í Reykholti. Þá lauk fjögurra ára undirbúningsferli sem innihélt meðal annars flókna skipulagsvinnu og ítarlega umhverfisskýrslu um verkefnið. Hefur þetta ferli kostað ríflega 90 milljónir króna enda mjög flókið og mikilvægt að vanda vel til.

Næstu skref verða þau að á þessu ári munum við bora eftir heitu vatni við Reykholt. Það teljum við nauðsynlegt, enda mikilvægt að tryggja vel vatnsbúskapinn við baðstaðinn. Að öðru leyti mun árið einkennast af hönnun bygginga en við áætlum að hefja verklegar framkvæmdir vorið 2021. Viljum við gefa okkur rúman tíma í hönnunarferlið og þá um leið að stytta byggingartímann eins og kostur er. Gerum við ráð fyrir að opna baðstað og hótel í Reykholti veturinn 2023-2024.

Við hjá Rauðukömbum höfum síðustu þrjú sumur rekið gistingu í Hólaskógi. Höfum við lagt fram hugmyndir um að laga til núverandi skála og snyrta til umhverfis hann. Okkar markmið er að skapa þar áhugaverðan áfangastað fyrir hestaferðamenn, gönguhópa og aðra ferðalanga sem vilja sækja Þjórsárdalinn og hálendið heim yfir allt árið. Unnið er að samningamálum varðandi það verkefni og vonandi skýrast þau mál núna í vor og að í Hólaskógi verði komin heilsársstarfsemi næsta vetur. Það hefur verið ánægjulegt að eiga gott samstarf við heimamenn á undanförnum árum um verkefnið í Reykholti. Við hjá Rauðukömbum gerum okkur fyllilega grein fyrir ábyrgð okkar gagnvart náttúru Þjórsárdals og þeim áhrifum sem framkvæmdin hefur á samfélag í Skeiða - og Gnúpverjahreppi. Við viljum vanda vel til allra verka og höfum td. lagt mikla áherslu á sjálfbærni allra framkvæmdanna og starfseminnar þegar hún hefst. Þá ráðgerum við að halda íbúafundi á framkvæmdatíma, til kynningar á verkefninu og framgangi þess. Ljóst er að uppbygging í Hólaskógi og Reykholti mun skapa mikla möguleika fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Við reiknum með 60-70 heilsársstörfum og vonandi verða flest þeirra mönnuð heimamönnum eða brottfluttum sem vilja koma aftur heim. Þá er ljóst að baðstaðurinn kallar á íbúðarhúsnæði í Árnesi, og aukna eftirspurn eftir afþreyingu og gistingu á svæðinu, en allt skapar þetta áhugaverð tækifæri fyrir heimamenn. Þannig standa vonir okkar til að Hálendisböðin í Þjórsárdal geti virkað sem segull á fjölbreytt atvinnu- og mannlíf í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þegar fram líða stundir.

Með góðri kveðju,
Magnús Orri Schram
Framkvæmdastjóri

SELÁSBYGGINGAR ehf
Reisum með reisn Sími: 894-4142

LANDSTÓLPI 20 ára 2000–2020

Afmælistilboð Landstólpa

JOSERA hvolpafóður

20% afsláttur

JOSERA HVOLPAFÓÐUR Á **20% AFSLÆTTI Í FEBRÚAR**

Kids 15 kg. ~~9.890 m. vsk.~~ ..... ***7.912 m. vsk.***
Kids 900 gr. ~~989 m. vsk.~~ ..... ***791 m. vsk.***
Sensi Junior 15 kg. ~~9 890 m. vsk.~~ ..... ***7.912 m. vsk.***
Sensi Junior 900 gr. ~~989 m. vsk.~~ ..... ***791 m. vsk.***
Mini Junior 900 gr. ~~989 m. vsk.~~ ..... ***791 m. vsk.***

Gunnbjarnarholti, 804 Selfoss
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

36. fundur sveitarstjórnar – 5. febrúar 2020 í Árnesi

1. FISH PARTNER SAMTAL

Kristján Páll Rafnsson frá Fish partnes mætti til fundar undir þessum lið. Hann lýsti áhuga sínum á að fá ár í efri hluta Þjórsár á leigu. Erindi þess efnis var hafnað af sveitarstjórn fyrir skömmu. Kristján lýsti óánægju sinni með þá afgreiðslu og skoraði hann á sveitarstjórn að endurskoða afstöðu sína.

2. STJÓRNSÝSLUKÆRUR VEGNA GATNAGERÐARGJALDA

Holtabraut 14, 16, 25 og 31. Stjórnsýslukærur vegna álagningar gatnagerðargjalda kynntar fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjóra og Lögmönnum Suðurlandi er falið að senda Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti greinargerð ásamt gögnum.

3. HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG STÝRIHÓPUR

Skipaðir fulltrúar í stýrihóp heilsueflandi samfélags. Samþykkt að leggja til að skipaðar verði Karen Óskarsdóttir Minni-Mástungu, Elín Moquvist Húsatóftum og Hrönn Jónsdóttir Háholti. Sveitarstjóra falið að ræða við þær.

4. BÚÐAFOSSVEGUR ELDRA MÁL

Lagt fram erindi frá Ólöfu Rós Káradóttur fyrir hönd Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaðan Búðafossveg sem tilstendur að leggja nýrri brú yfir Þjórsá ofan við fossinn Búða. Vegurinn fer um jarðir Minna-Hofs og Réttarholts. Staðan er sú sama á báðum jörðum, samningur um lagningu Búðafossvegar og afsal vegsvæðis til Vegagerðarinnar var undirritað í desember 2009. Skv. bréfi skipulagsfulltrúa dags. 26. apríl 2012 til Verkfræðistofu Suðurlands samþykkti skipulagsnefnd tilheyrandi landskipti á fundi 23. apríl 2012 og sendi til sveitarstjórnar til samþykktar. Málinu var frestað á sínum tíma og hefur sveitarstjórn ekki staðfest landskiptin. Samþykkt að vísa málinu að nýju til skipulagsnefndar þar sem langt er um liðið síðan málið var til umfjöllunar.

5. HÓLASKÓGUR - SAMNINGAR

Lögð fram til kynningar drög að samningi milli sveitarfélagsins og Rauðukamba ehf um fjallaskálann og landspildu í Hólaskógi. Afgreiðslu samn-

ings frestað. Samþykkt að boða til fundar um málefnið. Á fundinn verði boðaðir aðilar í sveitarfélaginu sem stunda hestatengda ferðaþjónustu auk afréttarmálanefnda.

6. HÚSNÆÐISÁÆTLUN TIL UMFJÖLLUNAR

Sveitarstjóri greindi frá því að húsnæðisáætlun væri i vinnslu. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði tilbúin til afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar.

7. ÞVOTTAHÚS OG STARFSMANNAÍBÚÐIR

Lagt fram bréf frá Ásgeiri Eiríkssyni og Sigrúnu Einarsdóttur á Klettum. Þar er vísað til óska sveitarstjórnar um upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir við byggingu húsakosts á Klettum. Í bréfinu er greint frá framkvæmdaáformum. Sveitarstjórn metur framlagðar upplýsingar ekki fullnægjandi. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að senda bréf vegna málsins til Ásgeirs og Sigrúnar þar sem tilgreint verði hvaða upplýsinga verði óskað.

8. ENDURNÝJUN REIÐVEGASAMNINGS.

Lagt fram erindi frá formanni hestamannafélagsins Smára. Óskað er eftir að samningur við sveitarfélagið um framlag til endurnýjunar reiðvega verði endurnýjaður. Samþykkt að framlag til verkefnisins verði kr. 1.000.000 til áranna 2020, 2021 og 2022. Fjárútlát rúmast innan fjárhagsáætlunar.

9. 190. FUNDUR SKIPULAGSNEFNDAR UTU

Lögð fram og kynnt. Á 190. fundi nefndarinnar voru ekki tekin fyrir mál frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

ÖNNUR MÁL

A. HOLTABRAUT 1-3. ENDURSKOÐUN BÍLASTÆÐA DEILISKIPULAG.

Breyting komin í grenndarkynningu, lagt fram og kynnt

B. BRÉF FRÁ AFRÉTTARMÁLANEFND FLÓA- OG SKEIÐA.

Nefndin hvetur sveitarstjórn til að hraða því að lóðir verði stofnaðar undir fjallaskála á afrétti Flóa- og Skeiða. Sveitarstjóri greindi frá því að vinna við stofnun lóða á afréttinum sé í undirbúningi og hefur verið leitað til Sigurðar U. Sigurðssonar verkfræðings um að annast verkefnið.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 19. febrúar. kl 16:00. í Árnesi

Allar fundargerðir og fylgiskjöl eru aðgengileg á skeidgnup.is
Scannaðu QR kóðan og þú getur farið beint á fundargerðasíðuna.

Brynjólfsmessa í Stóra-Núpskirkju 23. febrúar kl. 14:00

Við minnumst heimspekingsins og fræðimannsins Brynjólfs Jónssonar frá Minna- Núpi (26.9.1838- 16.05.1914) í tali og tónum í messunni. Sr. Óskar sóknarprestur prédikar og Þorbjörg organisti stjórnar kórnum. Sóknarnefndin býður gestum í gott messukaffi á eftir í Félagsheimilinu Árnesi. Þar mun kórinn syngja nokkur lög sem hæfa vel tilefninu!

Sóknarnefnd Stóra-Núpskirkju.

Sveitahátíðin 2020 12. – 14. júní

Menningar- og æskulýðsnefnd vill ítreka við sveitungana að sveitahátíð verður haldin með svipuðu sniði og síðasta sumar.

Hátíðin verður helgina 12. – 14. júní.
Sömu litir verða notaðir í skreytingar!
Hvetjum ykkur til að taka helgina frá!

Nánar í næsta fréttabréfi.

Fréttir úr Þjórsárskóla

STÆRÐFRÆÐI Í 5. – 7. BEKK

Myndir af verklegum stærðfræðistöðvum í 5.-7. bekk, þar sem m.a. var verið að búa til gráðuboga í dyragati.

MYNDMENNT

Í myndmennt er unnið með margs konar efni og liti. Hér fyrir ofan má sjá vatnslitamyndir frá 6. og 7. bekk.

100 DAGA HÁTÍÐ

Við í 1. og 2. bekk héldum hátíð í tilefni þess að vera búin að vera 100 daga í skólanum. Í rúma viku unnum við á fjölbreyttan hátt með töluna 100. Æfðum tugi og einingar með því að búa til kórónur með 100 demöntum, gerðum myndir af okkur 100 ára, púsluðum 100 hlutum af okkur sjálfum, lásum 100 orð og skrifuðum sögur.

SKÓLAHEIMSÓKNIR

Yfir skólaárið kemur skólahópur leikskólans í reglulegar heimsóknir til 1.-2. bekkjar með kennaranum sínum. Unnið er með þema í þessum heimsóknum þar sem fléttuð er saman kennsla í mörgum námsgreinum. Fyrir áramót unnum við með þema um líkamann og núna erum við að vinna með þema um skrímsli. Með þessari samfellu milli skólastiga skapast öryggi hjá verðandi skólabörnum og vinatengsl myndast hjá þeim yngri og eldri. Sömuleiðis fær starfsfólk skólans gott tækifæri til að kynnast leikskólabörnunum og mynda við þau tengsl.

SKAUTAFERÐ

Annað hvert ár fer skólinn í skauta og menningarferð. Þann 5 febrúar héldum við til Reykjavíkur í þessa ferð. Við byrjuðum í Egilshöll að skauta og fórum síðan að skoða íshellana í Perlunni. Þetta var vel heppnuð ferð og nemendur til fyrirmyndar.

Fréttir úr Leikholti

Börnin í Leikholti eru orðin 33 talsins og fjölgar meira núna á vorönninni. Veikindapestirnar eru aðeins búnar að herja á okkur síðustu vikur en nú eru flest börn komin til baka aftur.
Þann 24. janúar var Bóndadagur og þá byrjaði Þorrinn, við sungum nokkur þorralög á þorranum og smökkuðum þorramat, sumir minna og sumir meira en aðrir. Í tilefni að Bóndadegi gerðu börnin verkefni að teikna myndir handa feðrum sínum og senda heim. Eldri deildin Vörðufell með 19 börn á aldrinum 3ja ára til 6 ára svöruðu fimm spurningum um feður þeirra og fóru svörin með á teikningunum (Sjá neðst á síðu).

Dagur leikskólans var 6. febrúar síðastliðinn eins og önnur ár og ákváðum við að halda upp á það á föstudeginum 7. febrúar með því að bjóða foreldrum/fjölskyldum að koma á opið hús. 7. febrúar er einnig dagur stærðfræðinnar og voru því nokkur stærðfræði tengd verkefni í boði. Í Heklu gátu foreldrar fylgst með frjálsum leik, tónlistarstund, púsl stund og Blæstund og síðan var útivera. Í Vörðufelli var hægt að fylgjast með frjálsum leik og síðan vali sem þau fara alltaf í á föstudögum. Opna húsið var mjög vel sótt af foreldrum og þökkum við þeim kærlega fyrir heimsóknina.

Við sendum ykkur allra bestu kveðjur,
Allir í Leikholti

Hér eru spurningarnar og brot af svörum, það er svo skemmtilegt hvernig börnin setja lífið í orð.

Hvað heitir pabbi þinn?
-Allir vissu það.

Hvað er hann gamall?
-Tveggja ára plús átta.

Við hvað vinnur pabbi þinn ?
-Í pabbavinnu að smíða.

Hvað finnst honum leiðinlegt?
-Þegar ég geri ekki eins og hann segir.
-Að vera í vondu veðri.

En skemmtilegt?
-Dúkkuleikur.
-Keyra FORDINN!!!

Hrunaprestakall

Kæru vinir.

Ég hef verið svo lánsöm að fá að starfa með sr. Óskari í barnastarfinu í vetur. Kirkjuskólinn var í fjögur skipti í haust og einu sinni á aðventunni og það heppnaðist svo vel að okkur langar til að endurtaka leikinn og vera aftur með fjögur skipti, fjóra laugardaga í röð og byrja 29. febrúar klukkan 11:00. Þessar stundir eru í Hrepphólakirkju, við ákváðum að vera þar vegna þess að það er nokkuð miðsvæðis og þar er safnaðarheimili sem við nýtum eftir stundina í kirkjunni til að fá okkur hressingu.

Þessi samvera er gæðastund, þar sem eina áreitið er malið í okkur Óskari svona á milli atriða, börnin fá að kynnast kirkjunni og boðskapnum á aðgengilegan hátt í gegnum leik og söng, þetta er tilvalin stund til að njóta með börnunum, það er ekkert aldurstakmark og kostar ekki neitt.

Mér eru allar þær stundir sem ég fæ að njóta í kirkjunni ákaflega dýrmætar og það skiptir ekki máli í hvaða kirkju það er því Guð er jú allstaðar. Það væri aldeilis frábært að sjá ykkur úr öllum sóknum Hrunaprestakalls í kirkjuskólanum.

Hlakka til að sjá ykkur!

Jóna Heiðdís,
Djáknakandidat

HELGIHALD FRAMUNDAN Í PRESTAKALLINU ER SEM HÉR SEGIR:

9. feb: Guðsþjónusta í Hrepphólakirkju kl. 11.

23. feb: Guðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 11 og messa í Stóra-Núpskirkju kl. 14. Brynjólfs frá Minna-Núpi minnst í tali og tónum.

29. febrúar: Kirkjuskólinn hefst í Hrepphólakirkju kl. 11.

5. mars: Hversdagsmessa í Hrepphólakirkju á fimmtudagskvöldið kl. 20. Sjáumst í kirkjunni Allir velkomnir!

Óskar Hafsteinn Óskarsson,
Sóknarprestur

Heilsan er dýrmæt – dagurinn lengist

Líkast til eiga flestir góðar tilfinningar tengdar því að birtan lengist í báða enda dagsins. Ef veðráttan er að auki átakalaust á þessum árstíma sem nú stendur yfir, þá er virkilega gaman að vera til. Vel tókst til við að blóta Þorrann. Eins og svo oft áður höfum við hér í uppsveitum Árnessýslu verið njóta bestu útgáfunnar sem boðist hefur hér á landi frá veðurguðunum. Af og til hefur okkur birst mikil vetrarfegurð. Manni hefur verið hugsað til þeirra sem hafa þurft að búa við erfiðleika tengda veðráttu og öðrum náttúruöflum. Sennilega eru sumir leiðir á þessum rullum mínum um veðrið. En veðrið skiptir miklu máli í daglegu lífi.

Enn meira máli skiptir heilsan, eins og pabbi gamli sagði, ef heilsufarið er í lagi, þá á allt að leika í lyndi. Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur samþykkt að taka þátt í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“ ásamt öðrum sveitarfélögum í uppsveitunum. Hvað er heilsueflandi samfélag? er líklegt að spurt sé. Ef reynt er að svara þeirri spurningu þá skilgreini ég það einhvern veginn svona: Samfélag þar sem sett er í forgang í stefnumótun og stjórnun að huga að líðan og heilsu íbúanna. Er átt þar jafnt við andlega sem líkamlega heilsu. Jafnframt er lögð áhersla á að bæta umhverfið í samfélaginu. Hvort sem er manngert eða félagslegt. Innan þessara merkja verður unnið að forvörnum og heilsueflingu í víðum skilningi. Markmiðið er að draga úr tíðni sjúkdóma, langvinnra sem skammvinnra og bæta almenna líðan íbúa. Gunnar Gunnarsson hefur verið ráðinn sameiginlega af sveitarfélögunum á svæðinu til að stýra verkefninu. Hann verður með viðveru á skrifstofu hreppsins á fimmtudögum á næstu mánuðum. Hann leggur áherslu á góð tengsl við íbúana. Þrjár ungar konur hafa verið skipaðar í stýrihóp um verkefnið. Það eru þær Elín Moqvist, Hrönn Jónsdóttir og Karen Óskarsdóttir.

Ég má til með að lýsa ánægju minni með að friðlýsingin á hluta Þjórsárdals skuli hafa tekið gildi. Þessi gjörningur er öllum til góðs. Það er fyrsta svæðið á landinu sem er friðlýst sem svokallað landslagsverndarsvæði. Hvaða þýðingu hefur friðlýsing fyrir okkur. Kann margur að spyrja. Tilgangurinn er í fáum orðum að vernda einkenni og fegurð svæðisins. Þegar á síðasta ári fékkst fjármagn í landvörslu og lagfæringu umhverfis. Það eru miklar væntingar um að bætt verði betur í á þessu ári hvað það varðar. Unnið er einnig að friðlýsingu búsetulandslags í Þjórsárdal. Það verkefni er á höndum Minjastofnunar, Sú aðgerð hefur þann tilgang að sameina svæðið sem minjaheild og menningarlandslag. Undir það heyra allar þær fornleifar í Þjórsárdal sem friðlýstar voru á þriðja áratug 20. aldar.

Ari Einarsson verkstjóri í áhaldahúsi lét af störfum fyrir aldurssakir síðustu áramót eftir 16 ára starf. Honum eru færðrar kærar þakkir fyrir vel unnin störf. Ari mun áfram annast skólaakstur sem verktaki.

Ég læt þetta duga að sinni og óska ykkur góðra stunda með hækkandi sól.

Kristófer A. Tómasson,
Sveitarstjóri.

LEIKDEILD UNGMENNAFÉLAGS BISKUPSTUNGNA KYNNIR

ALLIR Á SVIÐ

GAMANLEIKRIT EFTIR MICHAEL FRAYN

Í ÞÝÐINGU GÍSLA RÚNARS JÓNSSONAR

Frumsýning - 14. febrúar
15.febrúar – 2. sýning
19.febrúar – 3. sýning
22.febrúar – 4. sýning
23.febrúar – 5. sýning
26.febrúar – 6. sýning
28.febrúar – 7. sýning
29.febrúar – 8. sýning

U.M.F BISKUPSTUNGNA 1908

Sýningar fara fram í Aratungu og hefjast kl 20:00

Miðaverð 3000 kr. | Eldriborgarar 2000 kr. | Börn 1500 kr.

miðapantanir í síma 896-7003

Leikhússeðill verður í boði á Restaurant Mika, borðapantanir í síma 486-1110 eða mika@mika.is.

SUNDLAUGAR

NESLAUG

Sími: 486-6117

Vetraropnun (sept-maí)

Miðvikudaga: 17-22
Laugardaga: 13-18
Sunnudaga: 13-18*
*í september og maí

SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500

Vetraropnun (sept-maí)

Mánudaga: 18-22
Fimmtudaga: 17-22

Umsjónarmaður er Eyþór Brynjólfsson
Sími: 897-1112 | Netfang: eythorb@gmail.com

GÁMASVÆÐIN

Opnunartímar:
Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12
Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Gjaldskyldur úrgangur:
Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Timbur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot. Annar grófur úrgangur. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur:
Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint). Bylgjupappi. Dagblöð, tímarit og pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar. Raftæki.

Umsjónarmaður: Bjarni Jónsson
GSM: 892-1250 | Netfang: bjarni@skeidgnup.is

Fréttabréf **Skeiða- & Gnúpverjahrepps**

ÁBYRGÐARMAÐUR:
Kristófer A. Tómasson

UMSJÓN OG UMBROT:
Amenic ehf. / Matthías og Kristján

Blaðinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Skilafrestur í næsta blað er 6. mars.
Útgáfudagur er 13. mars.

Netfang: frettabref@skeidgnup.is
Heimasíða: www.skeidgnup.is

WebPro

VEFSÍÐUR
VEFHÝSING
TÖLVUPÓSTUR
FORRITUN

WWW.WEBPRO.IS
WEBPRO@WEBPRO.IS | SÍMI: 419 2525

SKRIFSTOFA SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

SVEITASTJÓRI
Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

ODDVITI
Viðtalstími miðvikudaga kl. 13-16
Björgvin Skafti Bjarnason
Sími: 895-8432 - oddviti@skeidgnup.is

AÐALBÓKARI OG LAUNAFULLTRÚI
Þuríður Jónsdóttir
Sími: 486-6104 - dudda@skeidgnup.is

RITARI OG VEFUMSJÓN
Kristjana H. Gestsdóttir,
Sími: 486-6105 - kidda@skeidgnup.is

ÞJÓRSÁRSKÓLI
Sími 486-6000
Skólastjóri: Bolette Høeg Koch
Sími: 486-6051 & 895-9660
bolette@thjorsarskoli.is

ÁHALDAHÚS/ÞJÓNUSTUSTÖÐ
Bjarni Jónsson
Sími: 892-1250 - bjarni@skeidgnup.is

LEIKSKÓLINN LEIKHOLT
Sími: 486-5586 - leikholt@leikholt.is
Leikskólastjóri: Elín Anna Lárusdóttir
Sími: 895-2995

OPNUNARTÍMI: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15. Föstudaga: 9-12
SÍMI: 486-6100 - **NETFANG:** skeidgnup@skeidgnup.is

QIGONG LÍFSORKAN – ALHLIÐA HEILSUEFLING OG GLEÐI!

Félagsheimilinu Árnesi laugardaginn 15. febrúar.

Þorvaldur Ingi Jónsson kennir afar heilsubætandi Qigong æfingar sem allir geta gert. Hann hefur undanfarin ár haldið yfir 30 Qigong námskeið, leitt lífsorkuæfingar og sótt námskeið hjá mörgum Qigong meisturum.

Námskeiðið verður frá kl. 13:00 til 17:00 – 2.000 kr. greitt á staðnum og kaffi fylgir.
Frekari upplýsingar veitir Rosemarie Brynhildur í síma: 861-7013.

Allir velkomnir!
(Nánar á íbúasíðu SKOGN)